

Læsi allra mál

- LÆM -




Efnisyfirlit

Snemmtæk íhlutun - markmið og áherslur í málörvunarstundum	2
EFI-2 málþroskaskimun	4
HLJÓM – 2.....	6
Málörvunarstundir í þrjá mánuði fyrir börn sem lenda á rauðu (mjög slök færni) og bleiku (slök færni) á EFI-2.	8
Flokkun málörvunarefnis.....	9
Orðaforði	10
Hlustun/Skilningur	12
Setningafræði	14
Hljóðkerfisvitund	15
Máltjáning/tjáskipti	17
Málfræði	18
Málnotkun	19

Snemmtæk íhlutun - markmið og áherslur í málörvunarstundum

Árið 2015 var farið af stað með *Læsi allra mál* verkefnið í Breiðholti. Verkefnið byggir á samstarfi Suðurmiðstöðvar og leik- og grunnskóla hverfisins. Markmið verkefnisins er að efla málþroska og læsi barna í hverfinu. Árið 2020 var búin til sameiginleg læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla Breiðholts. Læsisstefnan leggur grunn að lærdómssamfélagi um mál og læsi í fjölmennningarlegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi á báðum skólastigum og gera þær okkur kleift að bregðast strax við mögulegum vanda. Nánari upplýsingar um læsisstefnu Breiðholts má finna á heimasíðu tungumalatorgs: <http://tungumalatorg.is/laesiallramal/?p=956>.

Skólaárið 2024-2024 verður haldið áfram með LÆM verkefnið í leikskólum Breiðholts. Talmeinafræðingar við Skóla- og frístundadeild Breiðholts munu bera ábyrgð á verkefninu. Í því felst m.a. að greina niðurstöður skimana í samvinnu við hvern leikskóla, veita ráðgjöf og eftirfylgd. Allir leikskólar leggja *EFI-2 málþroskaskimun* fyrir þriggja og fjögurra ára börn og *HLJÓM-2, athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna* fyrir börn í elsta árgangi leikskólans. Tímaáætlun fyrir skólaárið er eftirfarandi:




Mynd 1: Tímaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025

EFI-2 málþroskaskimun

EFI-2 málþroskaskimun kannar málskilning og máltjáningu barna á þriðja og fjórða aldursári. EFI-2 er ætlað að finna börn sem eru með hugsanleg frávík í málþroska. Þannig er hægt að vinna með málþroska barna í anda snemmtækrar íhlutunar og/eða vísa þeim áfram í nánari athugun. Skimunin gefur bæði leikskólastarfsfólki og foreldrum hugmynd um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra.

Niðurstöður geta birst sem *góð geta*, *meðalgeta*, *slök geta* og *mjög slök geta*. Ef börn koma út með *góða getu* eða *meðalgetu* er upplýsingum skilað til foreldra og rætt um mikilvægi þess að halda áfram að efla málþroska barna sinna. Ef börn koma út með *slaka* eða *mjög slaka getu* er niðurstöðum skilað til foreldra þar sem þeir fá fræðslu um málþroska og hvernig hægt sé að örva mál barna sinna heima. Í leikskólanum er sett af stað þriggja mánaða einstaklings- eða hópíhlutun fyrir börn sem koma út með *slaka* eða *mjög slaka getu* þar sem unnið er með alla þætti málsins (sjá mynd 4). Þegar íhlutun hefur farið fram í 4-6 vikur er mikilvægt að meta stöðuna og athuga hvort þörf er á breytingum á íhlutun. Að þremur mánuðum liðnum frá upphafi íhlutunar er *EFI-2* aftur lagt fyrir og framfarir metnar. Ef miklar framfarir verða er ekki þörf á frekari íhlutun. Hins vegar ef einhverjar framfarir verða á að vinna áfram með barnið í a.m.k. sex vikur og endurmeta stöðuna þá. Ef litlar eða engar framfarir hafa orðið eru niðurstöður teknar fyrir á næsta samráði og næstu skref ákveðin.

Hér fyrir neðan má sjá viðbragðsferli sem gott er að styðjast við eftir að búið er að skima málþroska barna með *EFI-2*.




Mynd 2. Viðbragðsferli eftir fyrirlögn á EFI-2

HLJÓM – 2

Hljóm-2, athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir alla elstu árganga í leikskólum í september/október ár hvert. Hún kannar mál- og hljóðkerfisvitund og hefur forspárgildi um það hvernig lestrarnám þróast. Prófið skiptist í sjö þætti: rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, hljóðtenging, margræð orð og orðhlutaeyðing.

Niðurstöður geta birst sem *góð færni*, *meðalfærni*, *slök færni* eða *mjög slök færni*. Ef börn koma út með *góða færni* eða *meðalfærni* er upplýsingum skilað til foreldra. Hins vegar ef börn koma út með *slaka* eða *mjög slaka færni* er niðurstöðum skilað til foreldra og þeir fengnir í samvinnu við að efla mál- og hljóðkerfisvitund barna sinna. Börn sem koma út með ***mjög slaka færni*** er einnig **vísað áfram til talmeinafræðings á Skóla- og frístundadeild Breiðholts**. Í leikskólanum er unnið sérstaklega með þá þætti sem koma *slakir* eða *mjög slakir út* í annað hvort hóp- eða einstaklingsþjálfun. Íhlutunin á sér stað í þrjá mánuði og er prófið síðan lagt fyrir aftur að þeim tíma liðnum. Auk þess er unnið með þætti hljóðkerfisvitundar í daglegu starfi. Ef barn kemur aftur út með *slaka* eða *mjög slaka færni* skal senda tilvísun til talmeinafræðings á Skóla- og frístundadeild Breiðholts.

Hér fyrir neðan má sjá viðbragðsferli eftir að búið er að skima hljóðkerfisvitund með HLJÓM-2.



Mynd 3: Viðbragðsferli eftir fyrirlögn á HLJÓM-2.

Málörvunarstundir í þrjá mánuði fyrir börn sem lenda á rauðu (mjög slök færni) og bleiku (slök færni) á EFI-2.

Markmiðið með málörvunarstundum er að efla skilning og tjáningu barnanna. Í stundinni á að gefa börnunum tækifæri á að skilja og nota tungumálið. Vinna á með orðaforða, málfræði, setningar, hljóðkerfisvitund og málnotkun sem hentar börnum 2-4 ára.

Æskilegt er að hafa stundirnar í u.þ.b. 20-30 mínútur, 2-3 sinnum í viku. Mjög mikilvægt er að skrá niður hvernig gekk eftir hverja málörvunarstund (sjá t.d. meðfylgjandi skráningarblað eða skráningablað í verkefnabókinni Tölum saman). Hér fyrir neðan má sjá hugmynd að þriggja mánaða skipulagi þar sem unnið er markvisst með ofangreinda þætti.

Vika 1-2	Vika 3-4	Vika 5-6	Vika 7-8	Vika 9-10	Vika 11-12
Markmið Orðaforði: Dýr Afstöðuhugtök Eintala/Fleirtala Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun	Markmið Orðaforði: Matur Fornöfn (hann + hún) Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun	Markmið Orðaforði: Fatnaður Andstæður Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun	Markmið Orðaforði: Litir og fót Sagnorð Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun	Markmið Orðaforði: Líkaminn Eignarfornöfn Nútið og þátið Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun	Markmið Orðaforði: Tilfinningar Nútið/þátið Setningar Hljóðkerfisvitund Málnotkun
Tími 1 Orðaforði Afstöðuhugtök Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 1 Orðaforði Fornöfn Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 1 Orðaforði Andstæður Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 1 Orðaforði Sagnorð Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 1 Orðaforði Fornöfn Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 1 Orðaforði Nútið/þátið Setningar Hljóðkerfisvitund
Tími 2 Orðaforði Eintala og fleirtala Afstöðuhugtök Málnotkun	Tími 2 Orðaforði Afstöðuhugtök Eintala /fleirtala Málnotkun	Tími 2 Orðaforði Fornöfn Eintala/fleirtala Málnotkun	Tími 2 Orðaforði Andstæður Fornöfn Málnotkun	Tími 2 Orðaforði Sagnorð Nútið/þátið Málnotkun	Tími 2 Orðaforði Andstæður Eignarfornöfn Málnotkun
Tími 3 Upprifjun	Tími 3 Upprifjun	Tími 3 Upprifjun	Tími 3 Upprifjun	Tími 3 Upprifjun	Tími 3 Upprifjun
Tími 4 Orðaforði Eintala og fleirtala Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 4 Orðaforði Fornöfn Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 4 Orðaforði Andstæður Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 4 Orðaforði Sagnorð Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 4 Orðaforði Fornöfn Setningar Hljóðkerfisvitund	Tími 4 Orðaforði Nútið/þátið Setningar Hljóðkerfisvitund
Tími 5 Orðaforði Eintala og fleirtala Afstöðuhugtök Málnotkun	Tími 5 Orðaforði Afstöðuhugtök Eintala/fleirtala Málnotkun	Tími 5 Orðaforði Fornöfn Afstöðuhugtök Málnotkun	Tími 5 Orðaforði Andstæður Fornöfn Málnotkun	Tími 5 Orðaforði Sagnorð Nútið/þátið Málnotkun	Tími 5 Orðaforði Andstæður Eignarfornöfn Málnotkun
Tími 6 Upprifjun	Tími 6 Upprifjun	Tími 6 Upprifjun	Tími 6 Upprifjun	Tími 6 Upprifjun	Tími 6 Upprifjun

Mynd 4: Hugmynd að skipulagi málörvunarstunda

Dæmi um skipulag á málörvunarstund:

1. Barnið/börnin boðin velkomin.
2. Farið yfir reglur (Bínureglur eða eitthvað annað, t.d. hlusta, passa hendur, sitja o.s.frv.).
3. Farið yfir skipulag tímans munnlega og með sjónrænum vísbendingum (sjá t.d. Boardmaker eða myndir á vefsíðunni orðaleikur.is). *Fyrst ætlum að lesa bók, svo ætlum við að fara í leik, spila eða syngja o.s.frv.*
4. Þjálfunarstund fer fram.
5. Rifjað upp það sem gert var í stundinni og barnið/börnin kvödd (t.d. með söng).

Flokkun málörvunarefnis

Mikilvægt er að hafa stundirnar fjölbreyttar og að þær höfði til barnanna. Í flestum leikskólum er til mikið af námsefni, spilum og verkefnum sem hægt er að styðjast við í málörvunarstundum. Hér fyrir neðan má sjá hugmyndir að verkefnum út frá flokkum (orðaforði, hlustun/málskilningur, setningafræði, máltjáning, hljóðkerfisfræði og málnotkun) sem ætti að nýtast við að skipuleggja stundirnar. Hér fyrir neðan má sjá hugmyndir að verkefnum úr ýmsum bókum og vefsíðum. Stuðst var við eftirfarandi bækur:

- *Litla sól: spjallað og leikið við yngstu börnin 0-3 ára*. Íslensk þýðing: Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir
- *Stóra sól – leikir með tungumálið fyrir 2-9 ára börn sem alast upp við eitt eða fleiri tungumál*. Íslensk þýðing: Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir
- *Tölum saman: Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn*, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjartey Sigurðardóttir.
- *Ljáðu mér eyra – Undirbúningur fyrir lestur*, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur. Útgefin í Reykjavík af Skjaldborg 2001.
- *Markviss málörvun – Þjálfun hljóðkerfisvitundar*, eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur. Gefin út í Reykjavík af Námsgagnastofnun 1999.
- *Leggðu við hlustir – Íslensk þýðing og staðfærsla*, eftir Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eirík Ellertsson og Ingibjörgu Símonardóttur. Gefin út í Kópavogi af höfundum 2003.

Málörvunarefnið er flokkað og litamerkt. Sjá hér fyrir neðan:

Efni sem hentar til að þjálfna **orðaforða** er gult á litinn, **hlustun/málskilningur** rauzt, **setningafræði** blátt, **máltjáning** græn, **málfræði** grá, **hljóðkerfisfræði** appelsínugult og loks **málnotkun** fjólublátt.

Athugið að listinn er alls ekki tæmandi.

Orðaforði

Almennt

- Þegar unnið er með orðaforða þarf að passa að hafa samræmi á milli orðflokka. Þó að nafnorð séu mikilvæg þá þarf einnig að kenna orð úr öðrum orðflokkum. Mikilvægt er að velja nafnorð, lýsingarorð, sagnorð/athafnir, persónufornöfn/fornöfn og smáorð (samtengingar, staðarhugtök og spurnarorð).
- Að velja orð úr öllum orðflokkum er grundvöllur fyrir myndun setninga.

Orðaforðalisti menntamálastofnunar

- <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>. Á þessari síðu má sjá aldurskiptan lista yfir orð sem æskilegt er fyrir börn á leikskólaaldri að kunna.

Orðaleikur, orðanám í leikskóla

- Orðaleikur er vefsíða sem er með námsefni fyrir leikskólabörn sem eru að læra íslensku sem annað mál.
- Námsefnið samanstendur af
 - Handbók um orðaforðakennslu
 - Myndasafni af grunnorðaforða íslenskunnar með sérstakri áherslu á þau orð sem koma fyrir í umhverfi leikskólabarna
 - Kennsluleiðbeiningum
 - Rafrænu verkefnasafni sem getur bæði nýst í leikskólanum og heima.

Lestur bóka

- **Samræðulestur:** Sjá t.d. <https://lesvefurinn.hi.is/node/236>
- **Bein orðaforðakennsla:** Felst í að lesa sögubók, taka út ákveðin orð, útskýra og vinna sérstaklega með þau.
- **Orðaspjall** er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri. Handbók um aðferðina og upplýsingar má finna á www.tjarnarsel.is

Litla sól

- **Orðaveiðar**
 - Bls. 47
 - Aldur frá 2 ½ árs
- **Sokkaleikur**
 - Bls. 52
 - Aldur frá 2 ½

- **Dýraleikur**
 - Bls. 53
 - *Aldur frá 2 ½*
- **Myndalottó**
 - Bls. 51
 - *Aldur frá 3 ára*

Stóra sól

- **Orðaveiðar**
 - Bls 29.
 - *Aldur frá 2,5 árs.*
- **Orðapokar**
 - Bls. 22.
 - Líka hægt að nýta orðapoka í setningavinnu "*Þetta er...bolti*"
 - *Aldur frá 3 ára.*
- **Myndabingó**
 - Bls. 30
 - *Aldur frá 3 ára*
- **Hvað heldurðu að gerist**
 - Bls. 36
 - *Aldur frá 4,5 ára*

Tölum saman

- **Ég læri um form, liti og tölur**
 - 4. kafli í Tölum saman
- **Verkefni þar sem unnið er með *Orð og hugtök tengd persónu, fjölskyldu og nánasta umhverfi barnsins***
 - 2. Kafli í Tölum saman

Orðagull

- Málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, **orðaforða** og endursögn (bók og smáforrit). Höfundar: Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og sérkennari, Ásthildur Bj. Snorrardóttir, talmeinafræðingur.

Hlustun/Skilningur

Litla Sól

- **Getur þú fundið þetta ?**
 - Bls. 81
 - Aldur frá 2 ára
- **Para saman**
 - Bls. 83
 - Aldur frá 2 ára
- **Finndu andlitið**
 - Bls. 82
 - Aldur frá 2 ½ árs
- **Flöskustúturinn bendir á**
 - Bls. 116
 - Aldur frá 2 ½ árs
- **Að endurtaka og muna**
 - Bls. 114
 - Aldur frá 2 ½ árs
- **Pökkum í tösku**
 - Bls. 115
 - Aldur frá 2 ½ árs
- **Páfagaukaleikurinn**
 - Bls. 117
 - Aldur frá 2 ½ árs

Stóra Sól

- **Pörun hluta og myndir**
 - Bls. 137
 - Aldur frá 2 - 2,5 ára
- **Samstæðuspil**
 - Bls. 136
 - Aldur frá 2,5 ára
- **Gátur og gettu hvað?**
 - Bls. 38
 - Aldur frá 3 ára
- **Hvað er undir teppinu**
 - Bls. 138
 - Aldur frá 3,5 - 4 ára
- **Geturðu fundið það**
 - Bls. 105
 - Aldur frá 4 ára

Leggðu við hlustir: verkefni sem þjálfar mál- og hljóðkerfisvitund

- 1. kafli - Verkefni þar sem unnir er með hlustun, heyrnarminni og heyrnræna úrvinnslu

Orðagull

- Málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn (bók og smáforrit). Höfundar: Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og sérkennari, Ásthildur Bj. Snorrardóttir, talmeinafræðingur.

Annað

- **Hlusta á stuttar sögur**, velja nokkur orð og útskýra með t.d. að setja í mismunandi samhengi. Velja e.t.v. nokkur orð á viku sem þið endurtakið oft og setja í ýmisskonar samhengi. Þetta er góð leið til að láta ný orð festast í minni.
- **Fara í skemmtilegan leik**, t.d. fela hlut þar sem staðsetning hlutarins er gefin upp, t.d. *“Hann er undir rauða stólnum í stofunni”* o.s.frv.
- **Búðarleikur** (t.d. Hafa margvíslega dótaávexti til sölu og nota spilapeninga sem gjaldmiðil. Hægt er að láta börnin fylgja ýmsum fyrirmælum t.d. *“Ég ætla að fá þrjá gula banana, eitt rautt epli o.s.frv.”; “Þetta kostar 4 krónur...”*. Skipta svo um hlutverk.
- **Super duper stokkur**: auditory memory.

Setningafræði

Litla Sól

- **Að ljúka við setningar**
 - Bls. 57
 - Aldur frá 2 ½ árs

Stóra Sól

- **Leika með eintölu og fleirtölu**
 - Bls. 53
 - Aldur frá 3 ára
- **Að botna setningar 1**
 - Bls. 59
 - Aldur frá 3 ára
- **Rugludallur**
 - Bls. 63
 - Aldur frá 4,5 árs

Tölum saman

- **8. kafli-** Ég bý til setningar, 6 verkefni þar sem unnið er með setningaupbyggingu.

Annað

- Borða: æfum að segja borða
 - Bók eftir Tinnu Sigurðardóttir, talmeinafræðing
- Raða atburðum í rétta röð, t.d. Einu sinni var..., fyrst..., svo..., svo o.s.frv. þar til sagan er búin. *T.d. sequencing.*
- Endurtaka stuttar setningar (reynir á hlustun og vinnsluminni). Hægt er að nálgast verkefni sem þjálfar endurtekningu setninga í verkefnabókinni *Leggðu við hlustir: verkefni sem þjálfar mál- og hljóðkerfisvitund.*
- Fyrst..., svo... (t.d. fyrst vaknar strákurinn, svo klæðir hann sig).
- Endurtekningar á sömu setningum (t.d. Í bókunum Bína fer í leikskóla og Bína bálreiða: kisan situr, kýrin situr, bangsi situr, hvolpurinn fer í peysu, folaldið fer í jakka o.s.frv.).
- Tengja sama þrjú til fimm orð (nota endurtekningar- dæmi: *Mamma borðar brauð og epli – Pabbi borðar kjöt og kartöflur – Ég á bíl og dúkku – Ég á hund og kött o.s.frv.*)

Hljóðkerfisvitund

Stóra Sól

- **Hljóðastafurinn**
 - Bls. 77
 - Aldur frá 3 ára
- **Dýrið í pokaum**
 - Bls. 78
 - Aldur frá 3 ára
- **Að klappa fyrir dýrunum**
 - Bls. 81
 - Aldur frá 3 ára

Tölum saman

- 11.kafli: Ég leik mér með orð og hljóð- hljóðkerfisvitund.

Vefsíður

- Þjálfun hljóðkerfisvitundar í leikskóla.
 - 59 bls. með hugmyndum að efni sem hægt er að styðjast við til að vinna með hljóðkerfisvitund
 - https://mms.is/sites/mms.is/files/hljom-2_-_nidurstodur_hopavinnu.pdf
- Læsisvefurinn: að ríma saman
 - https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/ad_rima_saman_2020.pdf
- Læsisvefurinn: greina orð í atkvæði
 - https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/ad_fodra_2020.pdf
- Markviss málörvun - þjálfun hljóðkerfisvitundar
 - https://mms.is/sites/mms.is/files/atoms/files/40141_markviss_malorvun.pdf
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka
 - <https://fjolbreyttkennsla.is/bokstafir/>

Bækur sem örva mál og þjálfna hljóðkerfisvitund

- *Ljáðu mér eyra – Undirbúningur fyrir lestur*, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur. Útgefin í Reykjavík af Skjaldborg 2001.
- *Markviss málörvun – Þjálfun hljóðkerfisvitundar*, eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur. Gefin út í Reykjavík af Námsgagnastofnun 1999.

- *Leggðu við hlustir – Íslensk þýðing og staðfærsla*, eftir Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eirík Ellertsson og Ingibjörgu Símonardóttur. Gefin út í Kópavogi af höfundum 2003.

Máltjáning/tjáskipti

Stóra sól

- **Segjum frá**
 - Bls. 121
 - *Aldur frá 3 ára*
- **Myndasaga**
 - Bls. 122
 - *Aldur frá 3 ára*
- **Til hvers notar þú**
 - Bls. 128
 - *Aldur frá 4 ára*
- **Ég nota...**
 - Bls. 132
 - *Aldur frá 4,5 ára*

Spil sem hvetja til tals

- Lotto og Bingó
- Shopping list
- Concept kids
- Junior alias, Mitt fyrsta alias og krakka segðu en þar þurfa börn að lýsa hlutum- eflir bæði tjáningu og orðaforða.

Annað

- Máltjáning og frásagnarhæfni, vinna t.d. markvisst með námsefnið Sögugrunn.

Málfræði

Afstöðuhugtök

- Bókin *Felustaðirnir hans Hermanns: Lærum hugtökin uppi, inni, ofan í, undir og bak við*.
- Leika með t.d. bíl og hús. Láta bílinn fyrir framan, aftan, inn í o.s.frv.

Forsetningar

- 7.kafli í Tölum saman
- Super duper stokkur: pigs&pals preposition fun.

Eintala/fleirtala nafnorða

- 7.kafli í Tölum saman
- Leikur með beygingu orða og fleirtölur: Litla sól bls. 58
- Leikur með orð og beygingar: Litla sól bls. 59
- Super duper stökkarnir, t.d. Plurals frá Super Duper
- Fleirtala, t.d. Veiðimaður "*Áttu tvær blöðrur*"?... "*tvo hesta*". Bæði fallbeyging og eintala/fleirtala.
- Hægt að vinna með fleirtöluendingar nafnorða t.d. með myndaspjöldum. „*Hér er einn litur en hér eru margir...(litir)*”.

Nútíð/þátíð sagna

- 7.kafli í Tölum saman- Ég læri að tala rétt. 13 verkefni þar sem unnið er með ýmis málfræðiatríði, t.d. nútíð og þátíð sagna.

Framsöguháttur sagna

- 7.kafli í Tölum saman Ég læri að tala rétt. 13 verkefni þar sem unnið er með ýmis málfræðiatríði, t.d. framsöguhátt sagna.

Stigbeygingu lýsingarorða

- 7.kafli í Tölum saman
- Super duper stokkur: Comparatives

Spurnarorð

- 7.kafli í Tölum saman

Persónufornöfn

- Persónufornöfn (t.d. Pronoun parade eða using his, her & there frá Super Duper)

Andstæður

- Super duper stokkur: t.d. opposites

Málnotkun

Málnotkun vísar til þekkingar á samskiptum og hvernig málið er notað í félagslegum aðstæðum. Færni í málnotkun hjálpar okkur að skilja merkinguna sem liggur undir yfirborði orðanna (tekið af síðu Miðju máls og læsis).

Að leggja áherslu á málnotkun í málörvunarstundum felst í að nota þau orð, málfræðiatríði og setningagerðir sem verið er að leggja inn. Mikilvægt er að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig um t.d. dýr í et. og ft.

- Sjá hugmyndir um hvernig er hægt að vinna með málnotkun á vefsíðu Miðju máls og læsis: <https://mml.reykjavik.is/allir-leikir/mal/malnotkun/>
- 10. Kafli í Tölum saman
- Dæmi um félagsleg boðskipti sem hægt er að æfa:
 - Biðja um: má ég fá
 - Neita/mótmæla: bless, bæ
 - Þakka fyrir sig: takk fyrir
 - Svvara spurningum: já, nei
 - Heilsa: hæ, góðan daginn
 - Kveðja: bless, bæ
 - Tjá tilfinningar og líðan: leiður, góður, glaður o.s.frv.
 - Leita eftir aðstoð: viltu hjálpa mér
 - Segja nafnið sitt og annarra inn á deild

Annað

- Segðu sögu spilið
- Super duper stokkur: Sequencing
- Super duper stokkur: Story starters.
- Super duper stokkur: what's wacky?

Heimildarskrá

Læsisstefna Breiðholts. (e.d.). *Læsisstefna Breiðholts.* Sótt af <http://tungumalatorg.is/laesiallramal/?p=956>